



11. mars 2020
Tilv.: 2002112

Nefndasvið Alþingis
nefundasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 150. löggjafarþing, 158. mál

Með tölvupósti dags. 21. febrúar 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á innheimtulögum. Nánar tiltekið er lagt til að lögaðilar í eigu lögmanna og lögmannsstofa hafi ekki lengur heimild til að stunda innheimtu fyrir aðra nema að fengnu innheimtuleyfi.

Tilgangur með breytingunni er að tryggja að aðilar komist ekki hjá starfsleyfisskyldu með því að skráðir eigendur þeirra séu lögmenn og eins til að jafna samkeppnisstöðu innheimtuaðila.

Í tengslum við framangreint telur Seðlabankinn nauðsynlegt að benda á að með breytingum á innheimtulögum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2018, voru tekin af öll tvímæli um hverjir fari með eftirlit með innheimtustarfsemi lögaðila í eigu lögmanna. Sambærilegt ákvæði hefur auk þess verið í reglum um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum frá árinu 2008, sbr. 2. gr. núgildandi reglna nr. 981/2016. Seðlabankinn telur því ljóst að lögaðilar í eigu lögmanna eða lögmannsstofa eru undir eftirliti að því er varðar innheimtustarfsemi og er ekki sammála þeirri fullyrðingu sem kemur fram í greinargerð að innheimtuaðilar geti starfað án eftirlits.

Seðlabankinn gerir að öðru leyti ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Guðrún Finnborð Þórðardóttir


Grímur Sigurðarson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: seðlabanki@seðlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605